

Hörgársveit 16. nóv. 2022

### Umsókn

Með tilvísun í þingsályktunartillögu nr. 22/146 sem samþykkt var á Alþingi þann 31.05.2017 sækir stjórn Menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal hér með um fjárstyrk frá ríkissjóði til að stuðla að uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal til að heiðra minningu þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar eins og segir í samþykkt Alþingis.

Í kjölfarið af heimsókn fulltrúa ráðuneyta menningar- og umhverfismála að Hrauni í Öxnadal þann 4. júní 2021 óskum við eftir fjárstuðningi samtals að upphæð kr. 15.000.000,- við þrjá verkefnaáhrif á árinu 2023 sem þar voru m.a. ræddir og tilgreindir eru í stefnu stjórnar Menningarfélagsins Hrauns og aðgerðaráætlun.

1. Ráðning verktaka sem verkefnisstjóra á árinu 2023 sem hefði með höndum að fylgja eftir þeim verkefnum sem fyrir liggja í uppbyggingu og rekstri menningarseturs Jónasar Hallgrímssonar að Hrauni, þar með talið menningartengdum viðburðum sem og frumkvæði við gerð deiliskipulags og framkvæmda fyrir jörðina Hraun og fólkvanginn að Hrauni. Sótt er um styrk að upphæð kr. 7.000.000,- til þessa verkefnis.
2. Vinnu við deiliskipulag á árinu 2023 fyrir jörðina Hraun, fólkvang og Jónasarlund sem eina heild. Skipulagið verði unnið í samstarfi við sveitarfélagið Hörgársveit, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun ásamt því sem leitað verður eftir áliti og innleggi frá nærsamfélagi. Sótt er um styrk að upphæð kr. 4.000.000,- til þessa verkefnis.
3. Aðkallandi viðhaldsverkefni á árinu 2023 við íbúðarhúsið og annan húsakost að Hrauni, heimreið að Hrauni og bílastæði og ekki síst merkingar bæði við þjóðveg 1 og heima að Hrauni. Sótt er um styrk að upphæð kr. 4.000.000,- til þessa verkefnis.

Stjórn Menningarfélagsins Hrauns óskar jafnframt eftir að undirbúinn verði samningur milli félagsins og ríkisins til frambúðar þar sem tryggður verði áframhaldandi fjárstuðningur ríkisins. Slíkur samningur yrði gerður í því skyni að samstarf væri milli eiganda jarðarinnar Hrauns í Öxnadal og ríkisins um fjármögnun og framkvæmd uppbyggingarinnar svo og um framtíðarskipulag starfsemi til heiðurs Jónasi í samræmi við samþykkt Alþingis. Samningurinn myndi hafa skírskotun í stefnumótun Menningarfélagsins Hrauns og aðgerðaráætlun sem samþykkt var af stjórn á árinu 2020.

Ef einhverra frekari upplýsinga er óskað, ekki hika við að hafa samband.

Með von um jákvæðar undirtektir.

f.h. stjórnar Menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal

Snorri Finnlaugsson, framkvæmdastjóri